

Umsögn Öldu um 292. mál, 150. löggjafarþingi,
tillaga til þingsályktunar um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum

Reykjavík, 16. maí 2020,

Aldá tekur undir markmið þessarar þingsályktunartillögu í aðalatriðum, enda telur félagið mjög mikilvægt að almennir félagsmenn í lífeyrissjóðunum hafi eitthvað um sína lífeyrissjóði að segja, ekki síst í ljósi þess að launafólk á vinnumarkaði á Íslandi er skyldugt til að greiða í lífeyrissjóði og að launafólk á mjög mikilla hagsmuna að gæta í lífeyrissjóðunum. Félagið vill þó koma á framfæri nokkrum athugasemdum við þingsályktunartillöguna.

Varðandi lið a) í þingsályktunartillögunni:

- Félagið styður almennt að það séu félagsmenn í lífeyrissjóðunum sem skipi stjórn þeirra. Ljóst er þó að vanda þarf til verka, því stjórnarsetu fylgir mikil ábyrgð yfir miklum fjármunum. Félagið hvetur til víðtæks samráðs gerð reglna um skipan í stjórn lífeyrissjóða, ekki eingöngu við aðila vinnumarkaðarins, heldur einnig félagsamtaka og hagsmunasamtaka almennings. Skapa þarf víðtæka sátt um þessi mál í samfélaginu.
- Félagið hvetur eindregið til þess að hagsmunasamtök fyrirtækja- og fjármagnseigenda eigi ekki fulltrúa í stjórn lífeyrissjóða landsins -- ólíkt því sem tíðkast í dag --, enda er um að ræða hagsmunaárekstur og lýðræðisbrest þegar fulltrúar slíkra samtaka eiga stjórnarmenn í sjóðunum. Raunin er sú að hagsmunasamtök fyrirtækja- og fjármagnseigenda skipa sína fulltrúa, og er ekkert lýðræðislegt ferli í kringum slíka skipan. Einnig, þá fylgir því mögulegir hagsmunaárekstrar og freistnihætta þegar stjórnir eru skipaðar fólki sem tilnefnt er af slíkum hagsmunasamtökum, enda eru nán tengsl milli slíkra hagsmunasamtaka og fyrirtækja sem stunda atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni, og því hætta á að stjórnarmenn sem starfa fyrir hönd sérhagsmunasamtaka hafi hagsmuni fyrirtækja að leiðarljósi fremur en félagsmanna sjóðanna. Það verður að vera skýrt, bæði í praxís og að lögum, að lífeyrissjóðir landsins eru reknir í þágu sinna félagsmanna.

Varðandi lið c) í þingsályktunartillögunni:

- Félagið telur reglur sem þessar eðlilegar, enda verða stjórnendur og stjórnarmenn lífeyrissjóða að vera lausir við hvers konar hagsmunaárekstra sem tengjast rekstri og eignarhlut í fyrirtækjum sem sjóðirnir kunna að eiga einhvers konar viðskipti við.

Aðrar athugasemdir eru ekki gerðar að sinni, en félagið hvetur eindregið til þess að lýðræði innan lífeyrissjóðanna sé sinnt af meiri kostgæfni en verið hefur.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,
Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður